

Reykjavík, 30. apríl 2019

**Efni: Um Umsögn um frumvarp til laga um félög til almannaheilla.**

Stjórn Knattspyrnusambands Íslands sendir eftirfarandi umsögn um ofangreint lagafrumvarp:

Íþróttafélög, sérsambönd, íþróttabandalög, héraðssambönd og Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands eru aðilar sem án vafa falla undir að vera aðilar sem starfa að almannaheillum. Tugþúsundir iðkenda og sjálfboðaliða eru kjarninn í þróttmiklu og hollu íþróttastarfi í þágu almennings um allt land, ekki síst ungmenna.

Það frumvarp sem fyrir liggur er viðamikíð og getur um ýmislegt átt við um íþróttafélög og sambönd íþróttahreyfingarinnar, en annað í frumvarpinu fellur ekki að regluverki hreyfingarinnar. Hafa verður einnig í huga að íþróttahreyfingin er aðili alþjóðlegum samböndum í mismunandi íþróttagreinum þar sem regluverk slíkra sambanda fellur ekki að einstökum ákvæðum frumvarpsins. Meðal annars má nefna það sem snýr að úrlausn íþróttahreyfingarinnar á einstökum málum innan réttarkerfis og dómstóla hreyfingarinnar.

Í frumvarpinu kemur fram að lögin gildi ekki um félög sem stofnað er til með lögum frá Alþingi. Um íþróttafélög og skipulag íþróttahreyfingarinnar gilda íþróttalög nr. 64 frá 1998. Því verður ekki séð að félög innan Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands falli undir frumvarpið þó svo að íþróttafélög séu nefnd í athugasemd við 1. grein laganna. Í þessu sambandi er rétt að taka fram að fulltrúar íþróttahreyfingarinnar komu ekki að samningu frumvarpsins.

Sé tilgangur með smíði frumvarpsins að félög innan íþróttahreyfingarinnar undir skilgreiningu frumvarpsins eru all nokkrir meinbugir á því og eru þeir helstu eftirfarandi:

1. Íþróttahreyfingin hefur sett sér regluverk sem gerir ráð fyrir að öll ágreiningsmál séu leyst innan hreyfingarinnar með tilstuðlan sérdómstóla. Ákvæði frumvarpsins þar sem gert er ráð fyrir ógildingu ákvarðana fyrir almennum dómstólum er því ekki í samræmi við það regluverk.
2. All mörg íþróttafélög hafa starfað um áratuga skeið og jafnvel frá öndverðri 19. öld og hafa því ekki endilega formlegan stofnsamning. Sama á við um sérsambönd, héraðssambönd og íþróttabandalög.
3. Breyting á samþykktum eða lögum innan íþróttahreyfingarinnar er almennt ákveðin á ársþingi eða aðlafundi en ekki almennum félagsfundi. Mismunandi er hvert aukið atkvæðamagn þarf til lagabreytinga, en skilyrði um  $\frac{3}{4}$  atkvæða er hærra en þekkist í mörgum félögum þ.m.t. Knattspyrnusambandi Íslands.

Meginmáli skiptir hvort tilgangur frumvarpsins sé að fella íþróttahreyfingin undir ákvæði þess, en afstaða KSÍ er að íþróttahreyfingin falli undir íþróttalög og sbr. 1. grein frumvarpsins þá nái ákvæði frumvarpsins ekki til íþróttahreyfingarinnar. Þetta er mikilvægt í ljósi þess að frumvarpið gerir ráð fyrir að ríki, sveitarfélög, opinberar stofnanir og lögaðilar sem eru í meirihlutaeigu hins opinbera geti gert það að skilyrði fyrir styrkjum, rekstrarsamningum og opinberum leyfum til félaga til almannaheilla að þau séu skráð á almannaheillafélagaskrá. Ekki er fallist á að unnt verði að setja slík skilyrði gagnvart íþróttahreyfingunni á grundvelli frumvarpsins með vísan til eftirfarandi:

1. Íþróttahreyfingin fellur undir ákvæði íþróttalaga og er því utan skilgreiningar 1. greinar frumvarpsins.
2. Ákvæði frumvarpsins ganga að hluta gegn ákvæðum í lögum og samþykktum íþróttahreyfingarinnar og eiga í öðrum atriðum ekki að öllu leyti við um starfsemi íþróttafélaga.
3. Í 29. grein frumvarpsins kemur fram að skráning í almannaheillafélagsaskrá sé valkvæð, sem rímar illa við að þriðji aðili geti með ákvörðun sinn gert skráninguna að skyldu, sbr. ákvæði 2. greinar.

Megin niðurstaða stjórnar KSÍ er að skýrt verði kveðið á um að ákvæði frumvarpsins taki ekki til íþróttafélaga og Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands og þar með talið héraðssambanda, íþróttabandalaga og sérsambanda innan þess. Mikilvægt er að kveðið sé skýrt á um þetta í frumvarpinu og greinargerð. Tillaga stjórnar KSÍ er því að 2. mgr. 1. greinar verði breytt á eftirfarandi hátt: „Lögin gilda hvorki um félög sem stofnað er til með lögum frá Alþingi nema svo sé tekið fram í samþykktum þeirra né félög sem komið er á fót í ágóðaskyni fyrir félagsmenn. **Þá gilda lögin ekki um íþróttafélög og íþróttahreyfinguna sem byggist á frjálsu framtaki landsmanna sbr. íþróttalög nr. 64/1998.**“

Virðingarfyllst,



Guðni Bergsson  
formaður stjórnar  
Knattspyrnusambands Íslands